

8. enska 2202 - 2023

Kennarar: Íris Olga Lúðvíksdóttir

8

Lýsing

Ýmsar leiðir að enskunámi:

- * Áhersla á talað mál.
- * Spotlight 8 - textabók og raf-vinnubók
- * Þemaverkefni
- * Lestur greina, stuttmynda/þátta og vinna með þær;
- * Samþætting við samfélagsfræði og aðrar greinar.

Kennsluaðferðir og fyrirkomulag

Kennslustundir eru 4 á viku.

Orðaforði: Þú þarft að standa skil á þeim orðaforða sem bekkurinn glósar sameiginlega. Eftir hverja vinnulotu verður könnun úr þeim orðaforða sem lagður var fyrir.

Lestur: Þú þarft að lesa a.m.k. eina frjálslestrarbók

Málfræði: Óreglulegar sagnir, töluorð og þau atriði enskrar málfræði sem þarfnast yfirferðar hjá hverjum og einum.

Námsaðlögun

Allir nemendur hafa aðgang að ýmsum forritum sér til stuðnings, t.d. upplestrarappið ReadAloud í Chrome-bókum og PDF-lesarann KAMI. Í sumum tilfellum gefst nemendum kostur á að skila munnlegu.

VS enska 8. bekkur

- **Hæfni á námssviði**

VS enska 8. bekkur - Hlustun

- Tileinkað sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum sem eru innan áhuga-, náms og þekkingarsviðs hans og brugðist við efni þeirra.
- Án vandkvæða fylgst með aðgengilegu efni í fjöl- og myndmiðlum sér til gagns og ánægju, sagt frá og unnið úr.
- Skilji einföld fyrirmæli kennara.

VS enska 8. bekkur - Lesskilningur

- geti fundið og skilið leiðbeiningar og upplýsingar um það sem snertir daglegt líf, t.d. tómstundir og ferðalög.
- skilji lykilatriði í aðgengilegu fjölmiðlaefni.
- Lesið sér til gagns, ánægju og þroska smásögur og styttri skáldsögur; geti sagt frá helstu atriðum þeirra í bókaskýrslu.

VS enska 8. bekkur - Samskipti

- Sýni frumkvæði og taki virkan þátt í umræðum á ensku í kennslustundum.
- Tekið þátt í óformlegu spjalli um daginn og veginn um efni sem hann er vel heima í.
- Geti rætt og skipst á upplýsingum og skoðunum um kunnuglegt efni á viðeigandi hátt.

VS enska 8. bekkur - Frásögn

- Geti tjáð sig nokkuð skýrt um daglegt líf og ýmis efni sem hann hefur kynnt sér.
- geti flutt einfalda, undirbúna kynningu um kunnuglegt efni.
- Samið, æft og flutt frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.

VS enska 8. bekkur - Ritun

- Geti skrifað stuttan samfelldan texta á tiltölulega réttu máli, t.d. stuttar sögur, endursagnir og dagbókarbrot.
- Leikið sér með málið og látið sköpunargáfunu og ímyndunaraflið njóta sín.
- Tjáð sig um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu.

VS enska 8. bekkur - Málfræði

- Kunni skil á helstu óreglulegu sögnum
- kunni að stigbreyta lýsingarorð, regluleg og óregluleg.
- geti notað eignarfall á réttan hátt

VS enska 8. bekkur - Náms hæfni

- Beitt margvíslegum námsaðferðum sem geta komið að gagni í náminu og veit hvenær þær eiga við, t.d. nýtt sér samhengi í texta eða aðstæðum til að geta sér til um merkingu orða.
- Unnið sjálfstætt, með öðrum og undir leiðsögn og tekið tillit til þess sem aðrir hafa til málanna að leggja.
- Beitt á raunsæjan hátt sjálfsmati og jafningjamati í tengslum við viðfangsefni námsins og veitt sanngjarna endurgjöf.
- Nýtt sér öll helstu hjálpartæki, s.s. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni.
- Nýtt sér reynslu sína og þekkingu til að skapa nýja þekkingu og nota í nýju samhengi.